

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Höfðahreppi í Húnavatnssýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar verða í Höfðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

##### I. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.

##### II. flokkur:

- a. Hjómleikar.
- b. Dansleikir.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 15% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki, 20%.

Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap sveitarinnar.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna hreppsnefndaroddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða, svo marga að ætla megi að nægi. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd og kostnaður við þá greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

#### 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða

ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Þá getur eftirlitsmaður einnig krafizt fyrirframtryggingar fyrir skattgreiðslunni, ef hann telur ástæðu til þess.

## 8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja því til hvers konar menningarstarfsemi í Höfðahreppi.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1946.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Stykkishólmshreppi í Snæfellsnessýslu.

154

8. nóv.

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Stykkishólmshreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

## I. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

## II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í I. flokki, skal greiða 10% af aðgöngu-eyri og 20% af skemmtunum í II. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.